

þar eð það fylgir af sjálfu sér, að þurfamaðrinn undir eins og hann er búinn að þiggja sveitarstyrk, fer að nýju að vinna til þess að fá framfærslurætt með dvöl sinni í hreppi þeim, er hann er í. — — — — —

Eptir öllu því er þannig er int, verður að telja optnefndan Magnús Guðmundsson sveitlægan í Sveinstaðahreppi í Húnavatnssýslu<sup>1</sup>.

*Bréf landshöfðingjans* (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með úrskurði norðr- og austramtsins 29. september 1869 er Jónas Guðmundsson, er búid hefir á Spjör í Eyrarsveit í Soæfellsnessýslu, dæmdr sveitlægr í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu, og hreppr þessi skyldaðr til að endrgjalda 19 rd. 20 sk., er Jónas hefir fengið af sveitarsjóði Eyrarsveitar sér og hyski sínu til framfæris.

Þessum úrskurði hefir Þorkelshólshreppr áfrýjað, og hafid þer herra amtmaðr með bréfi yðar 14. f. m. kveidid upp álit yðar um áfrýjun þessa.

Eptir því, sem fram er komid, verður eigi mælt á móti því, að Jónas sá, er nefndr er, hefir notið styrks af sveitinni, á meðan hann dvaldi í Eyrarsveit. Að þessi styrk hefir verið veittr honum, án þess að prestur eðr hreppstjóri hafi leitað styrks handa honum til náskyldra ættingja hans samkvæmt 4. grein fátækrareglugjörðarinnar, hefir enga þýðingu, þar sem eigi er sannað, að slíkir ættingjar væru þektir af sveitarstjórninni í Eyrarsveit, og þar sem þeir ættingjar, er getid er um í málinu, hafa búid í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu og þannig í þeirri fjarlægð frá Eyrarsveit, að eigi gat orðid umtalsmál að leita til þeirra, áðr en styrkr sá, er Jónas með þurfti var veittr. Þareð Jónas eigi hefir dvalid í neinum öðrum hreppi fyrir utan fæðingarhrepp sinn Þorkelshólshrepp svo lengi, að spurning geti orðid um, að hann hafi unnið sér þar framfærslurætt, verður, samkvæmt 7. grein fátækrareglugjörðarinnar, að fallast á úrskurð amtsins um sveitfesti Jónasar. Sömu leiðis getst landshöfðingjanum, að úrskurði amtsins um upphæð þá, er Þorkelshólshreppr á að endrgjalda Eyrarsveit.

Þer eruð því herra amtmaðr beðnir að kynna hlutaðeigöndum, að úrskurðr norðr og austramtsins í málinu 29. septbr. 1869 skuli óraskaðr standa, og að sjá um, að úrskurði þessum verði veitt fullnusta án frekari tafar.

*Bréf landshöfðingjans* (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Með heiðruðu bréfi 29. f. m. hefir herra amtmaðrinn sent mér bréf dagsett 16 apríl þ. á. og fara í því bæjarfulltrúarnir í Ísafjarðarkaupstað og hreppstjórinn í Eyrarhreppi þess á leit, að sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu Stefáni Bjarnarsyni verði gjört að skyldu að endrgjalda Kirkjubólshreppi í Strandasýslu 8 vættir og 20 fiska, er tæðr hreppr hefir lagt út fyrir þurfamanninn Ólaf Jónsson með hyski hans, en það er viðrkennt, að þurfamaðr þessi hafi áunnið sér framfærslurætt í hinum fyrverandi Eyrarhreppi, er nú er skipt í 2 sveitarfélög, Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp.

Sumarið 1868 dvaldi Ólafur Jónsson sá, er nefndr var, í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu. Hann var þá húsviltr og fór því hlutaðeigandi hreppstjóri þess á leit við sýslu-

1) Úr bréfi þessu er slept því, er snertir þinar einstöku reikningskröfur Þorkelshólshrepps til Sveinstaðahrepps, og skal með tilliti til þeirra einungis getid þess, að Sveinstaðahreppr sem framfærsluhreppr Magnúsar meðal annars var skyldaðr til að endrborga Þorkelshólshreppi 4 rd. 22 sk., sem stöðu eptir óborgaðir fyrir lán af stjórnarkorni, sem Magnús hafði fengið, og var tilfærð sú ástæða fyrir þessari niðrstöðu, að lán þetta hefði verið „veitt á ábyrgð hreppsins, er að skipun stjórnarinnar hefði orðid að borga það úr hreppssjóðnum“ og var ekkert tillit tekið til, að Þorkelshólshreppr hefði ekki ritað lán þetta í sveitarbókina, fyr en útsæð þótti um, að Magnús endrborgaði lánið sjálf.

**58**  
30sta  
septbr.  
1873.

**59**  
30sta  
septbr.  
1873.

**60**  
30ja  
oktbr.  
1873.

**60** manninn, að honum yrði ráðstafað til framfærsluhrepps síns. Sýslumaðr lét nú Ólaf gefa skýrslu fyrir lögregluþingi um æfiatriði sín, og bar Ólafr þá, að hann væri fæddr í Kirkjubólshreppi árið 1826, en að hann í 10 ár samfleytt frá 1840 til 1850 hefði verið vistfastr í Eyrarhreppi, en þrátt fyrir þennan framburð, er gjörði það efalaust, að Ólafr hefði eptir reglugjörð 8. jan. 1834 36. gr., samb. með o. br. 6. júlí 1848 2. gr. áunnið sér sveit í Eyrarhreppi, úrskurðaði sýslumaðrinn sama dag, og hann hafði meðtekið skýrslu Ólafs, hann sveitlægan í Kirkjubólshreppi og sendi hann samstundis á stað til hrepps þessa. Eins og við var að búast, vildi Kirkjubólshreppr eigi veita þurfamanninum með hyski sínu viðtöku, en varð að gefa honum styrk þann, er hér er spurning um, og var hann þareptir sendr framfærsluhreppi sínum Eyrarhreppi.

Það er tvímælalaust, að ráðstöfun Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar, sú er getið er um, er yfirsjón, er hann varla fær varið. Það er óskiljanlegt hvernig sýslumaðrinn hefir getað verið hinum nefndu lagaákvörðunum ókunnr, og sýslumaðrinn ætti þar hjá að vita, að hann eptir 8. gr. fátækrareglugjörðarinnar samanborinni við stjórnarbréf 26. septbr. 1837 væri skyldr að fá vissu fyrir því, að þurfamanninum yrði veitt viðtaka í hreppi þeim, er átti að senda hann til, fyrr en hann ráðstafaði nokkru viðkomandi flutninginum. En þó að líkur séu til, að sveitarstyrkr sá, er Kirkjubólshreppr hefir veitt Ólafi, og mál þetta er risið af, hefði eigi verið nauðsynlegr, ef Ólafr hefði fengið að flytja sig frá Nauteyrarhreppi til Eyrarhrepps — virðist eigi vera næg ástæða til að leysa Eyrarhrepp við að endrgjalda Kirkjubólshreppi styrkinn, og að skylda sýslumanninn, er í hlut á, með stjórnarúrskurði til að borga hann, þar í mót er það Eyrarhreppi innan handar að lögsækja sýslumanninn fyrir dómstólunum til að endrgjalda sér útlát þessi.

Úrskurðr sá, er þér herra amtmaðr, hafði kveðið upp í málinu 27. nóvbr. f. á., og sem skyldar Eyrarhrepp til að endrgjalda Kirkjubólshreppi optnefndan styrk 8 vættir og 20 fiska, er greiða skal eptir verðlagsskrá þeirri, er hafði gildi þá er styrkrinn var veittr — skal því óraskaðr standa.

Þetta eruð þér beðnir að tjá hlutadeigöndum.

*Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vesfrumdæminu).*

**61**  
9da  
oktbr.  
1873.

Með heidruðu bréfi herra amtmannsins 6. þ. m. meðtók eg bréf hreppstjórans í Ögrhreppi innan Ísafjarðarsýslu dagsett 2. apríl þ. á., þar er hann skýtr því undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort Jens nokkur Guðmundsson með hyski sínu sé sveitlægr í nefndum hreppi, en með úrskurði vestrantsins 8. desember f. á. er ákveðið, að svo skuli vera.

Jens Guðmundsson sá, sem um er að ræða, er fæddr í Reykjarfjarðarhreppi, nú 42 ára gamall, og hefir dvalið í Ögrhreppi mestan part æfi sinnar. Það er viðurkennt af hendi hrepps þessa, að hann á hinum fyrstu 10 árum dvalar sinnar í hreppnum eigi hefir beðið um eða þegið neina matbjörg eðr aðra hjálp af sveitinni. Þarimót hefir honum árið 1860, á 8. eðr 9. ári dvalar hans í Ögrhreppi, verið eptirgefið fátækraútsvar 10 fiskar, og hafa þessir 10 fiskar verið ritaðir í sveitarbókina, sem styrkr veittr honum.

Það er nú að sönnu svo sem hreppstjórninn í Ögrhreppi hefir tekið fram í bréfi sínu, að aukaútsvarið er skyldukvöð, sem sveitin á hjá þurfamanninum, en samt verðr eigi eptirgjöf þesskonar kvaðar skoduð einsog miðlun eða veiting af því, sem sveitin annars á, þegar ræða á um sveitarstyrk í þeim skilningi, er við er hafðr í fátækrareglugjörðinni. Við hina 6. grein reglugjörðarinnar verðr að bera saman 8. grein hennar, og af henni sést, að eigi verðr talað um sveitarstyrk, nema þegar hjálpar er beiðst af bjargar-